

Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
190 Vogar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. desember 2014
Tilvísun: UST20141200033/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 - 2028 vegna athafnasvæðis við Vogavík.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga er barst 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 - 2028 vegna áforma um stækkan fiskeldis í Vogavík. Skipulagssvæðið sem áætluð breyting nær yfir er um 20 ha sunnan þéttbýlis Voga, vestan við Stapaveg og nær út í sjó. Fiskeldisstöðin Stofnfiskur er með fiskeldi á svæðinu, þar sem fiskur er alinn í lokuðu kerfi.

Umhverfismat

Í umfjöllun um áhrifapætti kemur fram að helstu þættir er hafa umhverfisáhrif er breytt afmörkun og stækkan athafnasvæðis A – 3 ásamt breytri afmörkun hverfisverndarsvæðis H – 1 við Vogavík. Umhverfisstofnun bendir á að álag mun aukast á lífríki við ströndina þar sem affall fiskeldis fer í sjó fram.

Landslag og sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að heildarsvipur haldist á svæðinu þegar farið er í áframhaldandi uppbyggingu. Einnig er mikilvægt að ásýnd starfseminnar sé góð frá aðliggjandi vegum og ekki síst frá útvistarsvæði við ströndina, svo útvistargildi svæðisins rýrni ekki.

Niðurstaða

Nú þegar hefur uppbygging vegna fiskeldis farið fram á lóð Stofnfisks við Vogavík. Álag á umhverfið mun aukast með vaxandi starfsemi á lóðinni. Því er mikilvægt að lífríki við ströndina verði vaktað.

Í ofangreindri tillögu að aðalskipulagsbreytingu er hverfisverndað svæði tekið undir starfsemi Stofnfisks, en um að leið er sett hverfisvernd á strönd athafnasvæðisins þannig að tenging myndast meðfram ströndinni frá hverfisverndarsvæði norðan athafnasvæðis Stofnfisks að hverfisverndarsvæði sunnan þess. Áður var göngustígur meðfram ströndinni inni á

athafnasvæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar er missir af þeim hluta hverfisverndarsvæðis H-1 sem er tekið undir athafnasvæði, en jákvætt að svæði meðfram ströndinni sem áður var skilgreint sem athafnasvæði verður hverfisverndað óbyggt svæði við breytinguna.

Virðingarfullst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. Birna Guttormsdóttir

Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri